

Svikin fyrirheit

Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeim áformum núverandi ríkisstjórnar að ætla sér ekki að standa við gefin fyrirheit frá árinu 2008 um að léttja skattbyrði hinna tekjulægstu með hækkun persónuafsláttar. Vísast þar til sérstakrar yfirlýsingar ríkisstjórnar Geirs H. Haarde frá 17. febrúar 2008 en sú yfirlýsing var grundvallarforsenda kjarasamninga á almennum og opinberum vinnumarkaði á því ári.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2008 kom fram að persónuafsláttur átti að hækka um sjö þúsund krónur á næstu þremur árum umfram almenna verðuppfærslu. Um þetta var gert samkomulag í kjölfar sílækkandi skattleysismarka að raungildi um margra ára skeið og þar af leiðandi hækkandi skattbyrði, sérstaklega á lægri tekjur.

Í samræmi við yfirlýsinguna hækkaði persónuafsláttur um síðustu áramót um tvö þúsund krónur auk verðuppfærslu. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 er hins vegar ekki gert ráð fyrir áframhaldandi leiðréttingum um næstu áramót. Þá er í fjárlagafrumvarpinu ekki gert ráð fyrir að grunnfjárhæðir bóta eins og lífeyristrygginga, barnabóta, vaxtabóta og fæðingarorlofsgreiðslna fylgi verðlagshækkunum. Þessu mótmælir stjórn BSRB harðlega og varar við alvarlegum afleiðingum þess á tímum sem standa þarf sérstakan vörð um kjör lágtekjufólks.